



Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. október 2018

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um réttindi hælisleitenda.

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann þann 25. september 2018 lagði fulltrúi flokks Fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um réttindi hælisleitenda:

1. *Hversu fljótt fá hælisleitendur boð um að sækja íslenskunámskeið eftir að þeir koma til landsins*
2. *Hversu langur tími líður frá því að barn hælisleitenda geti hafið leikskóla eða grunnskólagöngu eftir að það kemur til landsins?*

Svar:

Reykjavíkurborg hefur gert þjónustusamning við Útlendingastofnun um að þjónusta 200 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í því felst að umsækjendum er tryggt húsnæði, framfærsla, heilbrigðisþjónusta og lyf, félagsleg ráðgjöf, samgöngur, túlkþjónusta, tómstundir og fullorðinsfræðsla og skólavist fyrir börn (fylgiskjal 1). Í Reykjavík eru búsettir fleiri umsækjendur um alþjóðlega vernd sem fá þjónustu frá Útlendingastofnun. Núgildandi samningur við Útlendingastofnun rennur út um áramót en það er mannréttindaskrifstofa sem hefur séð um samningsgerðina í samstarfi við velferðarsvið.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða sér um framkvæmd samningsins við Útlendingastofnun. Á þjónustumiðstöðinni starfar teymi starfsmanna sem sinnir þjónustunni við umræddan hóp og fá þeir viðal innan nokkurra daga frá komu til landsins. Í fyrstu viðtölum við umsækjendur um alþjóðlega vernd er þeim kynnt þau úrræði sem standa til boða, m.a. íslenskukennsla sem er hluti af þeim virkniúrræðum sem teymið býður upp á. Þeir aðilar sem sjá um íslenskukennsluna eru Tækniskólinn, Mímir og Tin Can factory. Ef viðkomandi óskar eftir íslenskukennslu er hægt að bregðast við því innan fárra daga.

Mikil áhersla er lögð á íslenskukennslu í framhaldi af samþykkt umsóknar um alþjóðlega vernd. Þegar umsækjendur fá lögheimilisskráningu á Íslandi geta þeir

ennfremur sótt um styrk til þjónustumiðstöðva á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð en mikil áhersla er á að hvetja til íslenskunáms.

Tveir sálfræðingar starfa í teymi þjónustumiðstöðvarinnar sem beina sérstaklega sjónum sínum að börnum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Mikil áhersla er lögð á að börn fari eins fljótt í skóla og mögulegt er. Eftir að börn hafa farið í læknisskoðun (tekur um viku eftir komu) þá geta þau hafið grunnskólanám. Það tekur lengri tíma fyrir börn að komast inn í leikskóla og getur það tekið allt frá 2-3 vikum upp í nokkra mánuði. Sálfræðingarnir í teyminu eru í góðri samvinnu við starfsfólk skóla- og frístundasviðs vegna barnanna og ef það er mat þeirra er hægt að óska eftir forgangi fyrir einstök börn inn í leikskóla. Þegar börn eru byrjuð í skóla er boðið upp á móttökuviðtal við foreldra þar sem túlkur er viðstaddur. Starfsfólki skóla- og frístundasviðs er jafnframt boðin fræðsla um málefni flóttabarna/barna umsækjanda um alþjóðlega vernd og foreldra þeirra. Unnið er á grundvelli verklags milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs til að tryggja sem bestu þjónustu við börnin. Félagsráðgjafar teymisins eru einnig í tengslum við foreldra þar sem boðið er upp á ýmsan stuðning, m.a. á heimili. Foreldrum stendur til boða að taka þátt í vikulegum Foreldramorgnum sem er sérstakt verkefni á vegum þjónustumiðstöðvarinnar en þeir hafa komið sér sérstaklega vel fyrir foreldra sem bíða eftir leikskólaplássi.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða þjónustar aðeins hluta þeirra umsækjenda um alþjóðlega vernd sem koma til landsins. Það er ákvörðun Útlendingastofnunar hverjum er vísað í þjónustu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun eru fjölskyldur sem eru í þjónustu þeirra yfirleitt búsettar á sérstökum fjölskyldugangi í móttökustöð í Hafnarfirði. Leiðarljós þeirra er að vísa sem flestum fjölskyldum í þjónustu sveitafélaga. Í dag eru eru þrjár fjölskyldur á vegum Útlendingastofnunar búsettar í Reykjavík með þrjú börn á skólaaldri. Stefnt er að því að börn geti byrjað í skóla eins fljótt og mögulegt er en það getur tekið frá 4 vikum. Útlendingastofnun er í samvinnu við skóla- og frístundasvið vegna þessara barna. Börnum á leikskólaldri er ekki boðið upp á leikskóladvöl. Einstaklingar í þjónustu Útlendingastofnunar geta sótt íslensku og enskukennslu á vegum Rauða krossins og margir nýta nýta sér það. Engin bið er á námskeiðin og þau eru haldin með mjög reglulegum hætti.

Fylgiskjal 1 Samningur Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd 2017 – 2018.